

Ed.

271. Breytingartillögur

[2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, KJ, VI, EgJ).

1. 6. gr. orðist svo:

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 60 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 4. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1986 að fjárhæð 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 5. Hitaveita Reykjahlíðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 6. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1986 að fjárhæð 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Við 7. gr. Í stað „1 242 000“ komi: 1 442 000.
 3. Við 9. gr. Í stað „80 000“ komi: 95 000.
 4. Á eftir 9. gr. komi ný gr. er verði 10. gr. og orðist svo:
Útflutningslána sjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 5. Við 10. gr. er verður 11. gr. Í stað „6. og 8. gr.“ komi: 6., 7. og 8. gr.
 6. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er verði 29. gr. og orðist svo:
Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985.
Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánnum, sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíði skipanna, til að greiða fyrir sölu þeirra.
Ráðherra ákveður nánar framkvæmd þessarar lagagreinar með reglugerð.